

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-89/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 12. október 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. október 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni þann 24. október 2016. Hinn 1. nóvember 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum þann 16. nóvember 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 29. nóvember 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra innan tveggja vikna. Hann nýtti sér þá heimild og athugasemdir hans bárust þann 2. desember 2016. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti hópbifreiðina XX-0000, af gerðinni Hyundai Terracan, árgerð 2003, af seljanda þann 25. júlí 2016 fyrir 1.100.000 krónur. Bifreiðin hafði við kaupin verið ekin 207.000 km. Þegar bifreiðin hafði verið í eigu álitsbeiðanda í tæpan mánuð fór hún í svokallað „safe mode“ sem lýsir sér þannig að bifreiðin fór að aka á takmörkuðu afli. Álitsbeiðandi fór með bifreiðina í tölvuskoðun hjá umboði Hyundai á Akureyri og þar kom í ljós að bifreiðin gekk aðeins á þremur stimplum en ekki fjórum vegna bilaðra spíssa. Við slíkar aðstæður er að sögn álitsbeiðanda mælt með því að skipt verði um spíssa, sem mun að hans sögn kosta um 300.000 krónur. Bifreiðin fór í ástandsskoðun fyrir kaupin en þar kom ekkert fram varðandi spíssa bifreiðarinnar.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla við kaupin. Hafði hann samband við starfsmann Z, sem hafði milligöngu um kaupin, og krafðist riftunar eða skaðabóta vegna kostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar. Starfsmaður bílasölnunnar hafði síðar hafði samband við seljanda og seljandi neitaði að verða við kröfum álitsbeiðanda. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa komist að því síðar að því að umræddur bifreiðasali hafði haft afnot af bifreiðinni til einkanota í a.m.k. mánuð og að bifreiðasalan hafi verið eigandi bifreiðarinnar í nokkra daga áður en álitsbeiðandi festi kaup á henni. Telur álitsbeiðandi því að sér hafi verið sagt ósatt við kaupin varðandi eigendaferil.

Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og að honum verði endurgreiddur kostnaður vegna ástandsskoðunar og bilanagreiningar á verkstæði að fjárhæð 13.427 krónur.

### **IV**

## **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er tekið fram að bifreiðin sé gömul og mikið keyrð. Hún hafi ekki verið seld með neinni sérstakri ábyrgð og engu hafi verið haldið leyndu varðandi ástand bifreiðarinnar, enda kom ekkert í ljós í ástandsskoðun eða í akstri um að spíssar væru lélegir.

Samkvæmt tveimur sérfræðingum sem seljandi kveðst hafa rætt við, geta spíssar bilað „nánast hvenær sem er og ekki þurfi annað en raka í eldsneyti til að þeir geti bilað.“ Báðir sérfræðingarnir töldu einnig að aðeins þyrfti að skipta út hinum bilaða spíssa en ekki öllum spíssum.

Seljandi telur sig ekki bera ábyrgð á bilun í bifreiðinni, enda hafi hún hæglega getað orsakast af slæmri meðferð ááltsbeiðanda.

## **V**

### **Athugasemdir ááltsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum ááltsbeiðanda vegna andsvara seljanda er tekið fram að spíssar séu ekki skoðaðir í söluskoðun og því hafi bilun í þeim ekki komið í ljós í skoðuninni. Þá segir ááltsbeiðandi að niðurstaða sérfræðinga á vegum seljanda stangist á við álit verkstæðisformanns A, sem er umboðsaðili Hyundai á Akureyri, en hann sagði að ef einn spíss er farinn muni hinir líklega fara og best sé að skipta um alla í einu.

Þá hafi bifreiðin ekki fengið slæma meðferð í sinni vörslu enda aðeins verið ekin á malbiki og aðallega innanbæjar.

## **VI**

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda tekur hann fram að engar gangtruflanir hafi verið í bifreiðinni og ekkert slíkt hafi komið fram við söluskoðun. Gallar í spíssum hefðu að sögn seljanda komið fram í söluskoðun sem gangtruflanir í bifreiðinni. Því sé hæpið að um leyndan galla sé að ræða. Þá tekur seljandi fram að eflaust væri best að skipta um alla spíssa, en það hafi einfaldlega ekki fylgt með við sölu á bifreiðinni.

## **VII**

### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur ááltsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti ááltsbeiðandi hópibifreiðina XX-000 þann 25. júlí 2016 fyrir 1.100.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2003 og var því 13 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin 207.000 km. Tæpum mánuði eftir kaupin hóf bifreiðin að missa afl og í ljós kom að skipta verður um spíssa í bifreiðinni. Ááltsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla við kaupin og krefst riftunar á kaupunum en seljandi hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að bilunina megi rekja til háttsemi ááltsbeiðanda og hún hafi ekki verið til staðar við kaupin.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 25. júlí 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærufndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

*„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;*

*b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“*

Í b- og c- lið 16. gr. segir að söluhlutur sé gallaður ef:

*„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;*  
*c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“*

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð að bifreiðin hafi ekki svarað til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl., enda liggur ekki fyrir hvers eðlis upplýsingagjöf seljanda var við sölu. Þá er ekki hægt að fallast á það með álitsbeiðanda að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann þekkti til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-lið 16. gr. nkpl. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Kærufndin telur líkur á því að spíssar bifreiðarinnar hafi verið farnir að bila þegar álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni, enda komu annmarkar í ljós á bifreiðinni tæpum mánuði eftir kaupin. Það er þó ekki hægt að fullyrða þar sem margvíslegar ástæður geta legið að baki því að spíssar bili í bifreiðum.

Bifreiðin var 13 ára á kaupdegi og hafði verið ekin 207.000 km. Þegar um eldri bifreiðir er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í tilteknu standi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðins viðhalds eða viðgerða. Álitur kærufndin að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að bilun í spíssum bifreiðarinnar stafi af aldri hennar og miklum akstri en ekki af leyndum galla í skilningi nkpl. Kærufndin telur sér ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærufndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

**VIII**  
**Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson